

**58. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti,
miðvikudaginn 4. desember 2024, kl. 10:30.**

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson boðaði forföll en í stað hans sat Axel Sæland fundinn, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Fundur haldinn 25.11.2024

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

2. Sérstök söfnun úrgangs 2024 - 2412003

Yfirlit yfir greiðslur Úrvinnslusjóðs vegna sérstakrar söfnunar úrgangs.

Yfirlitið var lagt fram.

3. Mannvirkjaskýrsla Sundsambands Íslands - 2412004

Mannvirkjaskýrsla Sundsambands Íslands, þarfagreining er varðar byggingu sundlaugamannvirkja.

Skýrslan var lögð fram.

4. Endurnýjun fráveitu á Laugarvatni 4. áfangi - 2412005

Hönnun og kostnaðaráætlun vegna 4. áfanga endurnýjunar fráveitu.

Hönnunargögn og áætlun voru lögð fram. Gert er ráð fyrir verkefninu í fjárhagsáætlun ársins 2025. Farið verður yfir hönnunargögn með verkfræðistofunni og útboð undirbúið.

5. Eftirlitsskýrslur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands 2024 - 2404078

Niðurstöður neysluvatnssýnatöku, sýni tekin að Kjóstöðum og í Heilsugæslustöðinni í Laugarási þann 12. nóvember sl.

Skýrslan var lögð fram. Sýnin stóðust kröfur reglugerðar 536/2001, um neysluvatn.

6. Uppsetning dælustöðvar í Laugardal - 2401069

Staða mála vegna uppsetningar dælustöðvar

Áætlun dælustöðvar hefur dregist þar sem búnaður var rangt afgreiddur.

7. Lóðarumsókn Langholtsvegur 4, Laugarási - 2411030

Fyrirspurn Ragnars Sverrissonar Melstað, dags. 20.11.2024, um lóðina Langholtsveg 4,

AS
H.K.
SH
144


Laugarási. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar til umsagnar hvað varðar byggingarhæfi með tilliti til veitulagna að svæðinu.

Framkvæmda- og veitunefnd óskar eftir nánari upplýsingum um uppbyggingaráform, einkum með tilliti til notkunar á heitu- og köldu vatni.


Fundi slitið kl. 11:30.


Stefanía Hákonardóttir


Helgi Kjartansson


Axel Sæland


Ásta Stefánsdóttir


Benedikt Skúlason


Kristófer Arnfjörð Tómasson